



Aðalfundur Golfklúbbs Dalbúa 2018 haldinn 29. nóvember 2018.

Fundargerð

Fundur settur kl. 19:30

Mætt: *Sæmundur Árnason, Hafsteinn Daníelsson, Bryndís Scheving, Björgvin Schram, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Haraldur Ólafsson, Hafþór B. Guðmundsson, Eyjólfur Óli Jónsson, Anthony Karl Flores, Þorkell Svarfdal Hilmarsson, Ragnar Þórisson og Eiríkur Þorláksson.*

Bryndís Scheving formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.
Gengið til dagskrár skv. 16. grein laga félagsins.

Formaður stakk upp á Sæmundi Árnasyni sem fundarstjóra. Samþykkt samhljóða.
Formaður stakk upp á Eiríki Þorlákssyni sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári:

Bryndís Scheving formaður kynnti skýrslu stjórnar, sem lögð var fram á fundinum (sjá meðfylgjandi ársskýrslu sem lögð hefur verið á netsíðu Dalbúa).

Í skýrslunni er m.a. að finna inngang formanns og yfirlit yfir starfsemina á árinu, en jafnframt fylgja með henni skýrslur nefnda, þ.e. – mótanefndar og vallarnefndar.

Nýliðið rekstrarár var óvenjulegt í sögu klúbbsins, sem markast einkum af því að nú hefur klúbburinn eignast tæki og búnað til reksturs vallarins, og allur kostnaður við umsjón vallarins var á ábyrgð klúbbsins. Formaður tók að sér að annast rekstur golfskála.

Gerðir voru samningar við Grafíu stéttarfélag, VM – félag vélstjóra og málmtæknimanna og Rafiðnaðarsamband Íslands um kaup á sumarkortum og sérstakan afslátt á völinn til félagsmanna þeirra, og er dyggir stuðningur félaganna mikilvæg undirstaða reksturs vallarins ásamt árgjöldum félagsmanna.

Samningar við rekstraraðila vallar og skála sumarið 2017 voru ekki endurnýjaðir, og stóð klúbburinn sjálfur fyrir starfseminni. Gerðir voru samningar við verktaka um slátt og aðra umsjón með vellinum, en formaður tók að sér að annast rekstur golfskálans.

Var völlurinn í mjög döpru ástandi að vori eftir harðan vetur, en batnaði mjög eftir því sem leið á sumarið, eftir nokkra byrjunarörðugleika. Allar sláttuvélar klúbbsins voru teknar til viðgerðar á liðnu vori, hnífar sendir í brýningu o.fl. Þetta var mikill kostnaður fyrir klúbbinn en afar nauðsynlegur. Það hjálpaði mikið við þetta verkefni að veglegur styrkur fékkst úr Íþróttasjóði, sem annars hefði verið klúbbnum ofviða.

Að hausti voru allar flatir vallarins gataðar, og allur hár kargi milli brauta var sleginn niður. Fyrirhugað er að næsta sumar verði þessi svæði slegin sem venjulegur kargi.

2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins:

Eiríkur Þorláksson gjaldkeri fór yfir ársreikninginn, sem var lagður fram á fundinum (sjá ársreikning 1.11.2017–31.10.2017 sem hluta af ársskýrslu).

Rekstrartekjur ársins voru nær 5,6 m.kr., og rekstrargjöld rúmlega 4,8 m.kr., og afgangur frá rekstri fyrir afskriftir var rúmlega 750 þús.kr. Eigið fé er um 15,6 m.kr. en skuldir um 440



þús.kr. Klúbburinn á í lok rekstrarársins um 700 þús. kr. á bankareikning og hefur því nokkuð svigrúm til greiðslu fastra reikninga fram að vori, sem og til að íhuga næstu skref í frekari uppbyggingu eða tækjakaupum.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning og hann borinn upp til samþykktar:

Rætt var að þátttaka í mótum sumarsins hafi verið mun lakari en árin á undan, og ræddar mögulegar orsakir minnkandi þátttöku félagsmanna í mótum. Aðsókn að vellinum dróst heldur saman milli ára, þrátt fyrir góðar vallaraðstæður eftir því sem leið á sumarið. Fjöldi félagsmanna fer enn minnkandi og meðalaldur hækkandi, en fram kom að fundarmenn vonast til að á næsta ári, þegar klúbburinn heldur upp á 30 ára afmæli sitt, verði á ný fjölgun í hópnun, m.a. vegna batnandi aðstæðna á vellinum.

Fundarmenn voru sammála um að á næsta ári þarf að huga að vélamálum, þ.e. að endurnýja þær vélar sem eru elstar og ekki skila lengur þeim slætti á vellinum, sem þarf til að viðhalda og auka gæði brauta og karga. Mögulega þarf klúbburinn að efna til skulda til að standa undir slíkum fjárfestingum, en einnig þarf að leita leiða til að afla fjár til slíkra vélakaupa til að tryggja rekstrargrundvöll starfseminnar frekar.

Formaður upplýsti, til viðbótar því sem fram kom í ársskýrslu, að Lions-menn á Laugarvatni hafi óskað eftir að fá fundaraðstöðu í golfskálanum í vetur, og hefur stjórnin ákveðið að verða við þeirri beiðni. Er horft til þess að með þessu samstarfi sé klúbburinn að auka samstarf við heimamenn á svæðinu, sem aðeins geti verið starfseminni til góða.

Fundarmenn lýstu ánægju með glæsilega ársskýrslu og ársreikninginn í heild sinni, og töldu ánægjulegt að sjá að vel væri farið með fjármuni félagsins.

Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

Ársreikningur félagsins fyrir 2018 var samþykktur samhljóða.

4. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga:

Engar tillögur til lagabreytinga voru lagðar fram af hálfu stjórnar, og engar slíkar tillögur bárust á fundinum, og því varð engin umræða um þennan lið.

5. Tillögur sem borist hafa teknar til umræður og afgreiðslu:

Engar frekari tillögur bárust sem skyldu teknar til umræðu eða afgreiðslu, og því engin umræða um þennan lið.

6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár:

Af hálfu stjórnar var lagt til að árgjöld 2019 yrðu hin sömu og þau voru 2018, og að greiðslufyrirkomulag yrði einnig hið sama. Einnig var lagt til að ákvörðun um önnur gjöld væri vísað til stjórnar til ákvörðunar.

Var tillaga stjórnar samþykkt.

7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn, sbr. 10. gr. laga félagsins:

Fundarstjóri tilkynnti að Bryndís Scheving, formaður, byði sig fram til endurkjör. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Bryndís yrði endurkjörin, og var sú tillaga samþykkt samhljóða:

- Formaður var kjörinn Bryndís Scheving.



- Kjörtímabil tveggja stjórnarmanna sem kjörnir voru til tveggja ára á aðalfundi 2016 rann út á fundinum, þ.e. þeirra Ásbjörns Sveinbjörnssonar og Eiríks Þorlákssonar. Þeir buðu sig báðir fram til endurkjörs, og var tillaga um það samþykkt samhljóða.

- Björgvin Schram hafði komið inn í stjórn á starfsárinu án kosningar, en á þessu starfsári hafði vantað einn stjórnarmann miðað við ákvæði laga félagsins. Lagt var til að þeir Björgvin Schram og Hafsteinn Daníelsson yrðu kosnir stjórnarmenn til eins árs, og var sú tillaga samþykkt samhljóða

- Varamenn voru kjörnir með kosningu til eins árs þeir Hafþór B. Guðmundsson og Ragnar Þórisson.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara:

Stungið upp á Jóni Þ. Hilmarssyni og Guðmundi R. Valtýssyni.

Samþykkt samhljóða.

9. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs til samþykktar:

Gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun ársins 2019 til kynningar, þar sem tekið var mið af reynslu nýliðins starfsárs. Fundarmenn voru sammála um að leita mætti ýmissa leiða til að auka tekjur klúbbsins og þar með möguleika til að kosta ýmis verkefni, en rétt væri engu að síður að fara varlega við gerð fjárhagsáætlana og miða við þann grunn sem félagið hefur á að byggja.

Fjárhagsáætlun ársins 2019 samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál:

a) Hugmyndir um vélakaup voru kynntar og ræddar frekar. Var niðurstaða fundarins sú að hvetja stjórn, í samvinnu við umsjónaraðila vallarins á nýliðnu starfsári, til að kanna þessi mál í þau þannig að mögulegt reyndist að kaupa nýja vél til sláttar á karga fyrir sumarið.

b) Hugmyndir um breytingar á vellinum, sem kynntar voru í sumar, voru ræddar frekar. Var niðurstaða fundarins sú að hvetja stjórn til að hefja framkvæmdir við stækkun á 9. flöt og sameiningu á 4. og 7. flöt. Einnig skyldi stefnt að því að slá brekkuna milli 1. og 9. brauta niður og nota sem nýja 1. braut; jafnframt þyrfti að byggja nýjan fremri teig fyrir þá braut, í framhaldi af núverandi gulum teig 1. brautar.

c) Rædd var nauðsyn þess að farið væri vel yfir vélakost klúbbsins nú í vetur, og unnið að því viðhaldi og viðgerðum sem kostur væri. Fundurinn mælti með að stjórn klúbbsins semdi við Eyjólf Óla Jónsson, félagsmann og staðarhaldara í Miðdal, um það verkefni.

d) Formaður klúbbsins upplýsti að stjórn væri þegar farin að ræða með hvaða hætti væri best að reyna að fagna afmæli klúbbsins á næsta ári. Rætt hefur verið um að leita aftur til fyrrum félaga til að kynna þeim klúbbinn að nýju, hafa sérstaka afmælis dagskrá í gangi, afmælistót, koma kynningu á klúbbum að í golfblöðum og sjónvarpsþáttum, láta framleiða bolta með merki klúbbsins, mögulega fatnað o.s.frv. Leitað verði samstarfs við félagsmenn um framkvæmd afmælis dagskrár á næsta ári.

e) Endurkjörinn formaður, Bryndís Scheving, þakkaði fundarmönnum traustið og vonaðist eftir góðum samskiptum við félagsmenn í leik og starfi; það væri sameiginlegt áhugamál okkar allra að golfvöllur klúbbsins í Miðdal væri sem bestur vettvangur fyrir okkur öll og þá sem vildu njóta hans með okkur, og það væri eðlilega helsta verkefni stjórnar hverju sinni að sjá til þess að svo gæti verið.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundi var slitið kl. 21:30.